

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. júlí 1994

um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)(*)

(94/470/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samþæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 91/263/EBE, og ekki síst í samræmi við álit sem samþykkisnefnd notendabúnaðar (ACTE) lagði fram hinn 23. apríl 1992, hefur framkvæmdastjórnin mælt fyrir um hvaða gerð af notendabúnaði skuli falla undir þessa sameiginlegu tækniforskrift og lagt fram tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið samþæfðu staðlana til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram drög að ákvæðum fyrir samþykkisnefndina með álit í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE í huga.

Samkvæmt ákvæðum annars undirliðar 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á því að settir verði samsvarandi samþæfðir staðlar til framkvæmdar grunnkröfum sem síðan verða að sameiginlegum tækniforskriftum.

Sameiginlega tækniforskriftin sem er samþykkt með þessari ákvörðun er í samræmi við álit samþykkisnefndar notendabúnaðar (ACTE) sem var lagt fram 14. desember 1993.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um notendabúnað sem á að tengja við nettengipunktinn fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu), þar sem 120 ohma skilfletir eru notaðir, og fellur undir gildissvið samþæfða staðalsins sem er tilgreindur í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir leigulínur í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu), eins og um getur í 1. mgr.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samþæfða staðalsins sem viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c-, d- og f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, að því marki sem þær eiga við. Tilvísun í þennan staðal er tilgreind í viðaukanum.

2. Notendabúnaður sem fellur undir þessa ákvörðun skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, auk þess að uppfylla kröfur annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE⁽³⁾ og 89/336/EBE⁽⁴⁾.

3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru útnefndir til að hafa umsjón með framkvæmd þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu sjá til þess að samþæfði staðallinn sem er tilgreindur í viðaukanum sé notaður fyrir notendabúnaðinn sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. þessarar ákvörðunar, í síðasti lagi frá þeim degi er þessi ákvörðun öðlast gildi.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 87, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

(³) Stjtið. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

(⁴) Stjtið. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal

Heiti samhæfða staðalsins sem vísað er til í lok 2. gr. þessarar ákvörðunar er:

Tæknilegar kröfur í tengslum við frjálsan aðgang að netum (ONP)

Stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu (D2048 U)

Tengikröfur sem eru gerðar til skilflata fyrir notendabúnað

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

TBR 12 - desember 1993

(að formálsorðunum undanskildum)

Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE ⁽¹⁾.

Samhæfði staðallinn sem um getur hér að framan er saminn samkvæmt umboði gefnu út í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í tilskipun 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu
(European Telecommunications Standards Institute),
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1993, bls. 8.